

# Aukakostnaðartrygging vegna rafeindatækja

SJÓVÁ

## Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skilmálar nr. 250 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Aukakostnaðartrygging vegna rafeindatækja greiðir óhjákvæmilegan aukakostnað sem fellur til í kjölfar bótaskylds tjóns úr rafeindatækjatrýggingu.



#### Hvað er tryggt?

##### Tryggingin bætir:

- ✓ Kostnað sem fellur til vegna aðkeyptrar þjónustu eða aukinna launagreiðslna í kjölfar rekstrarstöðvunar vegna bilana í rafeindatækjum.



#### Hvað er ekki tryggt?

##### Tryggingin bætir ekki:

- × Tjón sem verður vegna of mikils álags á tæki eða að þau séu ekki notuð eins og ætlast er til eða gerð þeirra leyfir.



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón sem verður vegna ónógrar gæslu eða viðhalds, ef það er rakið til sakar starfsfólks í ábyrgðarstöðu hjá váttryggðum.



#### Hvar gildir tryggingin?

- Aukakostnaðartrygging gildir á þeim váttryggingarstað sem tilgreindur er á skírteini.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að tölvubúnaði sé haldið í góðu lagi og leiðbeiningum og notkunarreglum frá seljanda.



#### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



#### Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

---

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.